Nr. 1265 31. október 2024

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna stækkunar Mjólkárvirkjunar, afhendingar grænnar orku og nýrrar bryggju.**

Skipulagsstofnun staðfesti 31. október 2024 breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem samþykkt var í bæjarstjórn 5. september 2024.

Í breytingunni felst stækkun Mjólkárvirkjunar. Á iðnaðarsvæði (i1) er gert ráð fyrir hækkun stíflu, afmörkun nýs efnistökusvæðis og gerð veituskurðar við Tangarvatn, ásamt stöðvarhúsi nýrrar 0,5 MW virkjunar við Hólmavatn. Heimilað er að leggja nýjan aðkomuveg, auk jarðstrengs og niðurgrafna þrýstipípu á milli fyrrgreindra vatna uppi á Glámuhálendi. Einnig er mörkuð stefna um nýtt iðnaðarsvæði (i45) og stækkun ferjubryggju á nýju athafnasvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 31. október 2024.*

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 14. nóvember 2024